



Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Austurlandi, 22. mars 2024.

Efni: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) um drög að borgarstefnu.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi vill koma eftirfarandi á framfæri um drög að borgarstefnu:

Ljóst er að fyrir íbúa Austurlands er langt ferðalag, tímafrekt og fyrirhafnarsamt, að sækja þjónustu suður til Reykjavíkur eða til Akureyrar. Þangað hamlar hátt verð á innanlandsflugi og/eða ófærð á vegum norður í land. Af þessum ástæðum eru þau mál er snúa að innviðum, einkum og sér í lagi þau sem snúa að uppbyggingu samgangna og eflingu heilbrigðisþjónustu, íbúum Austurlands hugleikin.

Það er mikilvægt að í borgarstefnunni komi fram vægi þess að stofnvegir, sem liggja til Akureyrar, séu greiðfærir og öruggir allan ársins hring. Það er raunar gríðarlega mikilvægt fyrir Austfirðinga.

Við fögnum því að stefnt sé að því að koma á og viðhalda reglubundnu áætlunarflugi til Akureyrar, milli landa og innanlands, allan ársins hring, eins og kemur fram á bls. 39 en við minnum jafnframt á mikilvægi þess að það þarf að halda áfram uppbyggingu alþjóðaflugvallar á Egilsstöðum líkt og kveðið er á um í [Flugstefnu Íslands frá árinu 2019](#).

Þá vekur furðu, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að ekki sé minnst einu orði á eflingu innanlandsflugs um Reykjavíkurflugvöll í stefnunni. Höfundar hennar hljóta að átta sig á að íbúar landsbyggðanna, t.d. Austurlands og Vestfjarða, þurfa að sækja mikla þjónustu til Reykjavíkur. Það er okkar mat hjá SSA að þetta þurfi með einhverjum hætti að viðurkenna í borgarstefnunni þ.e. að skyldur Reykjavíkur, sem höfuðborgar, við landsbyggðirnar séu afar miklar og aðgengi að borginni þurfi að vera greitt t.d. með hagkvæmum flugsamgöngum. Það má í þessu sambandi minna á úrræðið Loftbrú, sem veitir íbúum landsbyggðarinnar afslátt á flugfargjöldum. Með öflugum borgarsamfélögum þarf að efla slíkt úrræði fyrir landsbyggðirnar enn frekar t.d. með fjölgun flugleggja og hærri afslætti fyrir notendur.

Við væntum áframhaldandi góðs og náins samstarfs við mótun endanlegrar tillögu.

Virðingarfyllst,

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri SSA